

Veiðimálastofnunin, júní 1981

Þórir Dan Jónsson, Borgarnesi

Krossá á Skaröströnd 1980

Í framhaldi af athugunum frá 1979, var rafveitt ofarlega í Krossá þann 25/6 1980. Var rafveitt við Krattdalsá og á sleppisvæði við Króka.

Í Krossá hefur lax verið borinn upp fyrir illa fiskgengan foss frá 1976. Sýnir eftirfarandi tafla fjölda laxa sem bornir hafa verið upp fyrir fossinn.

1976	15 pör og 6 hængar umfram
1977	6 pör (fram í Krókana)
1978	Ekkert, laxinn gekk sjálfur frameftir
1979	5 pör, lítið af laxi gekk upp fyrir foss
1980	Ekkert, laxinn gekk sjálfur frameftir

Með skýrslu þessari fylgja niðurstöður hreisturslesninga sem eftir var að senda ykkur, 21 stk.. Af samtals 36 hreistursýnum sem hafa verið send til Veiðimálastofnunar voru 31 sýni læsileg.

Niðurstöður og ályktanir.

Niðurstöður hreisturlesninganna sýna að 35.5% laxanna hafa náð gönguproska eftir þrjú ár í fersku vatni, 54,8% eftir 4 ár og 6.5% eftir 5 ár. Einnig sýndi hreistursýni af einum laxi mynstur sem sýnir að um sleppiseiði (gönguseiði) hafi verið að ræða.

Aðeins þrjár laxar sem sýnin voru af höfðu verið eitt ár í sjó, en 28 höfðu dvalist tvö ár í sjó. Eins og Sigurður Már Einarsson hefur skýrt frá í skýrslu sinni þann 26.mars 1981, stafar þetta af vorkuldunum 1979 en þá héldu gönguseiðin til sjávar u.þ.b. mánuði síðar en í meðalári. Nú eru miklar líkur á því (netaveiði í Borgarfirði hefur verið góð nú í byrjun veiðitímans, og er mestur hluti aflanns tveggja ára lax úr sjó) að þessi seiði hafi ekki drepist heldur hafi laxarnir ekki náð að verða kynþroska eftir eitt ár í sjó, og skili sér þá sem tveggja ára lax ú sjó.



Lengdar- og aldersdreifing laxaseiðanna sem fengust í rafveiðunum er sýnd á mynd aftast í skýrslunni. Af rafveiðunum verður ekki annað séð en að áin geti sjálf alið upp náttúrulega fædd laxaseiði, þótt svona ofarlega sé. Þó er hlutfall eins árs seiða (klakin 1979) lítið í heildaraflanum. Þetta má rekja til vorkuldanna 1979, en seiðin klöktust þá um mánuði síðar en í meðalári. Vaxtartíminn hefur því verið nokkuð stuttur og mörg seiðanna hafa ekki náð nægilegum þroska (stærð + holdafar) til þess að lifa af fyrsta veturnum. Verður fróðlegt að fylgjast með framvindu mála hvað þennan árgang varðar. Rétt er að geta þess að sumaröldu seiðin sem sleppt var í fyrra koma að nokkru leiti til með að fylla það skarð sem varð vegna þessa.

Samkvæmt hreisturlesningum og athugunum á aldri seiðanna fara mörg seiði út til sjávar þriggja ára gömul og flest eru farin fjögurra ára gömul.

Í rafveiðunum 1979 fengust þriggja ára seiði við ármót Þverár og Krossár. Þau voru úr hrygningu 1975 þannig að einhver lax hefur þá komist upp fyrir fossinn. Sá hluti seiðanna sem hélt til sjávar þriggja ára hefði þá átt að skila sér sem eins árs lax úr sjó í fyrra, og þá sem tveggja ára lax úr sjó í sumar. Eins á sá hluti laxins sem hélt til sjávar fjögurra ár gamall að skila sér sem eins árs lax úr sjó í sumar. Þá ætti lax sem er úr hrygningu 1976 (árangur laxasleppinga ofan við foss) og seiðin héldu til sjávar þriggja ára gömul að skila sér núna sem eins árs lax úr sjó.

Síðastliðið sumar var u.þ.b. 5000 sumaröldum seiðum sleppt mjög ofarlega í Krossá, og í sumar gekk mikið af laxi þangað fram eftir sem er ekki venjulegt. Hugsanlega hefur "laxalyktin" af seiðunum gert það að verkum að laxinn gekk þetta framarlega sl. ár. Verður að kanna það með rafveiðum hvort náttúruleg seiði finnist þetta ofarlega, jafnframt því að kannaður verði árangur sleppinganna.

Fyrr en það er búið að kanna það hvort náttúruleg seiði alist upp þetta ofarlega í ánni, ráðlegg ég ekki að sleppt sé sumaröldum seiðum í ána.



KROSSÁ 25/6 1980. LENGDAR- OG ALDURSDREIFING

RAFVEIÐRA LAXASEIÐA

1⁺ = EINS VETR GÖMUL SEIÐI

2⁺ = TVEGGJA VETRA GÖMUL SEIÐI D. S. H.V.